


Alþingi
Erindi nr. P 127/517
komudagur 14.12.2001



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

JHM/aa

Rvk. 11.12.2001

Efni: Frumvarp til laga um lífeyrissjóð sjómanna, 10. mál, iðgjöld.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1999, um lífeyrissjóð sjómanna.

Samtökin leggjast eindregið gegn samþykkt frumvarpsins, sem myndi kosta launagreiðendur hundruði milljóna króna á ári. Lögð er áhersla á að það sé viðfangsefni aðila vinnumarkaðarins að semja um greiðslur í hina frjálsu lífeyrissjóði og slíkt inngríp sem hér sé lagt til sé með öllu ótækt.

Í greinargerð með frumvarpinu er látið að því liggja að vandi sjóðsins stafi einungis af meiri örorkulífeyrisgreiðslum en almennt sé úr lífeyrissjóðum. Hins vegar láist flutningsmanni að geta um það af hverju meginvandi sjóðsins stafar.

Meginvanda lífeyrissjóðs sjómanna má rekja 20 ár aftur í timann þegar stéttarfélög sjómanna fengu löggjafann til að breyta lögum sjóðsins á þann veg að sjómenn gætu hafið töku lífeyris við 60 ára aldur, án þess að fjármagn væri tryggt til að standa undir þessum viðbótar skuldbindingum.

Ítrekuð eru mótmæli um inngríp löggjafans í ákvörðun um iðgjöld og iðgjaldaskiptingu í hina frjálsu lífeyrissjóði. Samræmi er á milli frjálsu lífeyrissjóðanna og er það viðfangsefni aðila vinnumarkaðarins, eins og verið hefur undanfarin 30 ár, að semja um iðgjaldagreiðslur í sjóðina og skiptingu þeirra.

Með framangreindum athugasemdum leggjast Samtök atvinnulífsins gegn því að framangreint frumvarp verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Jón H. Magnússon